

Starfsáætlun Kópahvols 2025-2026 - umsögn foreldraráðs

Inngangur/almennt

Hlutverk foreldraráðs Kópahvols er að styðja við starf leikskólans meðal annars með því að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt um starfsáætlun Kópahvols 2025-2026.

Umsögn

Markmið starfsáætlunar Kópahvols fyrir skólaárið 2025-2026 er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat sé umbótamiðað. Áætlunin lýsir því hvaða markmið eru höfð að leiðarljósi ásamt því með hvaða hætti skuli ná þeim markmiðum með aðalnámskrá leikskóla, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá Kópahvols. Höfuðáhersla er lögð á gæði í samskiptum sem grundvallarþátt í öllu starfi skólans. Stefna skólans er Uppeldi til ábyrgðar og er skólinn enn að bæta við sig þekkingu hvað það varðar.

Unnið er út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar, snemmtækri íhlutun, lýðræði og læsi í víðri merkingu. Þá varð Kópahvoll réttindaskóli UNICEF í árslok 2022 og allt starf í leikskólanum unnið með það að sjónarmiði. Lagt er upp með að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug í samræmi við einkunnarorð skólans – gleði, samkennd, frelsi og hugrekki. Leikskólastarfið einkennist af samkennd, hlustun, virðingu og lýðræði meðal barna og starfsfólks og að efla alla í að vera þeir sjálfir. Þá er innleiðingarferli farsældarlaganna sem tóku gildi í ársbyrjun 2022 í gangi um samþætta þjónustu sem snýr að börnum og er lausnateymi starfrækt í Kópahvoli sem kortleggur stöðu barns og leitar lausna, barni og fjölskyldu til stuðnings og virkjar viðunandi úrræði til að bregðast við aðstæðum barns ef ástæða þykir til.

Áherslur skólaársins 2025-2026 snúa að því að halda áfram að efla sjálfsprottna leiki, flæði og samstarf milli deilda þannig að barnið hafi frelsi til að vinna út frá áhugasviði sínu óháð því hvaða deild það er á. Áhersla verður á útinám með þátttöku í Nordplus junior verkefni til tveggja ára í samstarfi við skóla í Litháen og Noregi. Þá munu allir matartímar nú fara fram í matstofu og á öllum deildum, en hún ýtir undir aukið sjálfstæði og lýðræði, ásamt samstarf á milli deilda og flæði barnanna. Áfram verður farið í íþróttahús Kópavogsskóla með aldursblandaðan hóp einu sinni í viku og unnið með listgreinakennara í Hreiðri listasmiðju, söng og tónlist og þá er áætlað að stofna kór.

Ýmis þróunarverkefni hafa verið í gangi og áfram mun vera horft til heimsmarkmiða og barnasáttmála SB í öllu starfi og sérstök áhersla lögð á sjálfsprottna leiki, fullgildi og inngilding. Nordplus junior verkefnið miðar að því að bæta gæði leikskólakennslu með því að efla útikennslu og sjálfbærni og kennarar útbúa kennsluefni sem samþætta þessa þætti með Reggio Emilia og heimspeki með það að markmiði að til verði verkferlar með hægt verði að nota áfram í starfi leikskólans. Markmið verkefnisins snýr að því að efla

faglega hæfni kennara, stuðla að heildrænum þroska barna, efla samstarf við fjölskyldur og samfélag með því að hvetja til gagnrýnnar hugsunar, sköpunar og umhverfisábyrgðar frá unga aldri. Haustið 2023 var ráðist í breytingar innanhúss með það að markmiði að nýta rýmið í salnum betur; ákveðið að færa hreyfinguna út og breyta salnum í rými þar sem fleiri en ein deild í einu getur nýtt rýmið í leik og starf, ásamt matstofu. Þá var sett upp leikfangasafn þar sem börn og kennarar geta komið og skipt út efnivið á deildunum. Haldið verður áfram með þessa vinnu á núverandi skólaári í samræmi við markmið kennara um að ýta undir samvinnu milli deilda, en þarna skapast tækifæri til að blanda börnum meira saman í leik. Unnið verður með flæði, en helmingur barnanna fer út hverju sinni á meðan hinn helmingurinn er inni og þannig nýtast öll rými skólans, en börnin geta valið um að fara á ákveðna deild, í Hreiðrið eða salinn.

Foreldraráð er hlynnt ofangreindum aðgerðum er snúa að því að efla samvinnu á milli deilda, auka flæði, sjálfstæði og tengsl barnanna og almenna umhverfisvitund.

Í starfsáætluninni má finna upplýsingar um öryggismál og viðhald. Til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og starfsfólks eru öryggisráð, öryggistrúnaðarmaður og áfallaráð. Athygli vekur að fleiri slys og atvik eru skráð en árið áður. Foreldraráð hvetur skólastjórnendur til að fylgjast vel með og íhuga hvort tilefni sé til að skoða öryggismálin betur, jafnframt mun foreldraráð fylgjast með þróun fjölda slysa og atvika.

Síðasta skólaár kom upp mygla á tveimur deildum, Lóudeild og Spóadeild, og því loks farið í endurnýjun á þeim. Á þessu skólaári er áætlað að fjarlægja flísar úr forstofu Ugludeildar, en vinnueftirlitið hefur gert athugasemd við þær vegna slyshættu. Þá hefur verið óskað eftir að settur verði upp vaskur í sal þar sem hann er nýttur undir matstofu. Foreldraráð Kópahvols telur brýnt að ráðist verði í áframhaldandi viðhald og endurbætur og að þeim beiðnum sem liggja fyrir verði sinnt svo fljótt sem auðið er.

Þá er í starfsáætluninni farið yfir símenntunaráætlun starfsmanna, skipulagsdaga, bent á upplýsingar um foreldrasamstarf, farið yfir samsetningu starfsmannahópsins og stöðugildi og hagnýtar upplýsingar um fjölda barna og aldursdreifingu. Athygli vekur að í ár eru umtalsvert færri starfsgildi en í fyrra, þ.e. 18,21 í ár m.v. 24,16 í fyrra, þrátt fyrir að heildarfjöldi barna sé sá sami (74 börn) og að barngildum hafi fjölgað umtalsvert frá í fyrra, þ.e. úr 77,52 í 97,14.

Starfið á Kópahvoli er metið á ýmsa vegu. Í starfsáætluninni er farið yfir framkvæmd innra mats og niðurstöður matsáætlunar síðastliðins skólaárs, sem sneri að sjálfbærni og vísindum, að því er varðar styrkleika og umbótaþætti. Almennt telja starfsmenn deilda verklag gott eða mjög gott að því er varðar þessa matsþætti, en þó eru tveir þættir, vinna verkefni sem hvetja til vísinda- og rökhusunar og hlustun á umhverfis- og náttúruhljóð, sem töldust ekki uppfylla viðmið um gæðastarf. Í áætluninni er þó tekið fram að ýmislegt í mati á námsþáttum hafi ekki verið marktækt, vegna breyttra aðstæðna vegna framkvæmda við skólann. Þá er upplýst um að einnig fari fram ytra mat á vegum matsteymis um gæði leikskólastarfs í Kópavogi. Samkvæmt foreldrakönnun sem lögð var

fyrir í febrúar 2025 virðist almenn ánægja með leikskólann og stjórnun hans, tímasetningar á viðburði fyrir foreldra og heimasíðu skólans, og langflestir ánægðir með aðlögun barna sinn og flutning á milli deilda. Óánægja er þó með húsnæði skólans og skólamat sem þurfti að fá inn tímabundið og ítrekar foreldraráð mikilvægi áframhaldandi viðhalds og endurbóta. Þá hvetur foreldraráð til að upplýsingagjöf frá leikskólanum verði almennt aukin, en niðurstöður könnunarinnar benda til að foreldrar kalli eftir henni. Niðurstöður starfsmannakönnunar á vegum Kópavogsbæjar, sem lögð var fyrir í apríl 2025 benda til að starfsmenn telji vinnuálag mikið og einhverjir að þeir fái ekki skýr verkefni, eða ekki viðeigandi úrræði til að leysa þau. Langflestir telja starf sitt mikilvægt og krefjandi í jákvæðri merkingu og að kunnátta þeirra nýtist í starfi.

Loks gerir áætlunin ráð fyrir að efla mat barna og virkja þau enn frekar í skoðunum og áhrifum í starfi. Í tengslum við UNICEF verkefnið voru lagðir spurningalistar, öryggiskönnun og stöðumat, fyrir tvo elstu árganga síðasta skólaárs og það mat fléttað inn í heildarmat samkvæmt áætlun um innra mat. Loks fá öll börn leikskólans að hafa áhrif á hvað er í hádegismat að lágmarki einu sinni til tvisvar á vetri. Á afmælisdegi leikskólans er haldin formleg kosning meðal barnanna um hvað er boðið upp á í hádegismat og nónhressingu. Loks er minnst á að öll börn skólans hafi áhrif í verkefninu „Okkar leikskóli“ þar sem Kópahvoll fær kr. 1000 til ráðstöfunar fyrir hvert barn og þau hafa áhrif á í hvað þeim er varið.

Lokaorð

Foreldraráð Kópahvols telur starfsáætlun leikskólans metnaðarfulla og lýsa starfinu vel.

Virðingarfyllst,
foreldraráð Kópahvols
Ágúst Valves Jóhannesson, Ágústa Steinunn Loftsdóttir og Rakel Elíasdóttir